

Alþingi
Erindi nr. P 131/402
komudagur 3 12. 2004



Hagstofa Íslands

3. desember 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Allsherjarnefnd, frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, 208. mál, bréf nefndarinnar 15. nóvember 2004

Hagstofa Íslands hefur kynnt sér tillögur þess frumvarps sem hér um ræðir. Í frumvarpinu eru engin ákvæði sem varða Hagstofuna á beinan hátt. Hins vegar er í athugasemdum gert ráð fyrir að til greina komi að við útreikning á framlagi til rekstrar kirkjugarða sé að hluta byggt á fjölda látinna á næstliðnu ári samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Í þessu sambandi skal tekið fram að upplýsingar um greftrunarstaði koma fram á dánarskýrslum presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga til Þjóðskrár og því getur Þjóðskrá veitt kirkjugarðaráði aðgang að upplýsingum um greftrunarstaði..

Að öðru leyti hefur Hagstofan engar athugasemdir fram að færa við frumvarp þetta.

F. h. r.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Margrét Þórunn'.